

**34. fundur Skipulagsnefndar haldinn að Hlíðavegi 6,
10. janúar 2017 og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson formaður, Arnþrúður Dagsdóttir aðalmaður, Birgir Steingrímsson aðalmaður, Selma Ásmundsdóttir aðalmaður, Hólmgeir Hallgrímsson varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri og Bjarni Reykjalin skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Onesystem: Kynning á málakerfi – 1701006

Sveitarstjóri kynnti Onesystem málakerfi fyrir nefndarfólki en þetta er nýtt málakerfi sveitarfélagsins.

2. Hofstaðir: Deiliskipulag – 1701007

Málinu frestað til næsta fundar.

3. Vogar 1: Deiliskipulag – 1701008

Borist hefur tölvupóstur dags 3. janúar 2017 frá Jóhanni F. Kristjánssyni einum af eigendum Bjarkar í Vogum þar sem hann gerir athugasemdir við nýsamþykkt deiliskipulag í Vogum 1.

Nefndin hafnar erindinu þar sem það er of seint fram komið og felur skipulagsfulltrúa að svara Jóhanni í samræmi við umræður á fundinum.

4. Hlíð ferðaþjónusta: Deiliskipulag – 1701009

Tekið fyrir að nýju erindi dags 28. maí 2014 frá Önnu Margréti Hauksdóttur, arkitekt, f.h. Gísla Sverrissonar þar sem lögð er fram deiliskipulagslýsing dags í maí 2014 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags ferðaþjónustusvæðis í Hlíð. Lýsingin var lögð fram skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkti lýsinguna þann 5. júní 2014 og var leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um frá og með 2. júlí til og með 23. júlí 2014.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Minjastofnun, ÍSAVÍA og Ólafi H. Jónssyni og Bryndísi Jónsdóttur f.h. Reykjahlíðar III.

Innkomin ný tillaga að deiliskipulagi frá AVH dags. 7. nóvember 2016 auk hjóðvistarskýrslu dags í apríl 2016 frá Eflu verkfræðistofu þar sem m.a. hafði verið tekið tillit til athugasemda ISAVIA um að gæta þyrfti að hávaðamörkum vegna nýrra bygginga og aðstöðu í nágrenni við flugvöllinn í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar og reglugerðar um hávaða og taka yrði tillit til hávaða sem af flugumferð stafar m.a. með gerð hjóðspara.

Deiliskipulagið á við um 9,0 ha af svæðinu sem er sunnan og vestan flugvallar. Það afmarkast að norðan af flugvelli og hrauni, að austan af hlíðinni, að sunnan af túnum og að vestan af hrauni. Svæðið er að mestu leyti innan vemdarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu skv. lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012.

Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd telur að gera þurfi betri grein fyrir umhverfisáhrifum tillögunnar í umhverfisskýrslu og einnig þurfi að setja skýrari ákvæði um yfirbragð bygginga og mannvirkja. Þá telur nefndin að kanna þurfi hvort fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagstillögunni séu tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar að teknu tilliti til 2. viðauka í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Nefndin óskar einnig eftir því með vísan í lög og reglugerðir um verndun Mývatns og Laxár að leitað verði umsagnar Umhverfisstofnunar á efni tillögunnar áður en hún verður endanlega tekin fyrir í nefndinni og samhliða gerð deiliskipulagsins verði lögð fram áætlun um hvernig framkvæmdaaðili hyggist mæta kröfum 24. gr. fyrrnefndrar reglugerðar um frárennsli.

5. Reykjahlíð: Nafngift á nýrri götu – 1701010

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir þéttbýlið í Reykjahlíð/Reykjahlíðarþorp er gert ráð fyrir nýrri götu sem liggur til vesturs frá Múlavegi milli Múlavegar 1 og 3. Við þessa götu er gert ráð fyrir tveimur iðnaðar- og þjónustulóðum. Nokkrar tillögur bárust.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gatan verði nefnd Sniðilsvegur.

6. Hilda Kristjánsdóttir: Mál yfirfasteignamatsnefndar nr. 21/2016 – 1611010

Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar lagður fram. Ákvörðun Skútustaðahrepps dags. 29. júní 2016, um álagningu fasteignagjalda vegna Helluhrauns 12 fyrir árið 2016, var felld úr gildi og lagt fyrir Skútustaðahrepp að taka málið til meðferðar að nýju. Sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að leggja fram drög að nýjum álagningareglum ásamt verklagsreglum fyrir sveitarstjórn í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30

Helsi Helgus

Arnfríður Dagsdóttir

Beigi Steingr

Jatna Gunn

Selma D. Tomunzelotta

Þjarni Þeygar

Hönnu G. Halldórsdóttir
